

Staðfesting forseðans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Lárusar Björnssonar og Peturínu Bjargar Jóhannsdóttur, Grímsungu í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. júní 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð hjónanna Lárusar Björnssonar og Peturínu Bjargar Jóhannsdóttur, Grímsungu í Vatnsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Lárusar Björnssonar og Peturínu Bjargar Jóhannsdóttur, Grímsungu í Vatnsdal, og er hann stofnaður með gjöf fyrrnefndra hjóna að upphæð kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur 00/100 —.

2. gr.

Sjóðurinn er eign heimagrafreitsins í Grímsungu. Tekjur hans eru vextir, gjafir og annað sem honum kann að áskotnast.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en vöxtum og öðrum tekjum hans skal verja til viðhalds, fegrunar eða endurbyggingar grafreitsins, og leiðum tveggja barna þeirra hjóna, Helgu Sigríðar og Helga Sigurðar í Undirfells kirkjugarði, enn fremur leiðum foreldra Lárusar Björnssonar, Björns Eysteinsonar og konu hans Helgu Sigurgeirsdóttur, er hvíla í sama reit og börn þeirra Grímsunguhjóna.

Þá skal líka verja fé í girðingu hins forna grafreits í Grímsungu, er markar fyrir, eftir því sem stjórn sjóðsins telur rétt.

Annars skulu vextir og gjafafé lagt við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir aðilar:

1. Ábúandinn í Grímsungu, sé hann af ætt Lárusar Björnssonar. Að öðrum kosti skal það vera náinn ættingi Lárusar í Undirfellssókn, en fyrirfinnist hann ekki, þá nánasti ættingi í Þingeyjarklaustursprestakalli.
2. Prófasturinn í Húnavatnsprófastdæmi.
3. Sóknarprestur Undirfellssóknar.

Formaður sjóðsstjórnar skal vera ættingi Lárusar Björnssonar.

5. gr.

Falli jörðin Grímsunga úr ætt Lárusar Björnssonar, með sölu eða öðrum hætti, skal grafreiturinn ásamt mannvirkjum vera sjálfseignarstofnun ættmanna Lárusar Björnssonar.

Skal land hans og umhverfi markast af allt að 15 metrum, á hvorn kant út frá grafreitnum. Kvöð um umferðarétt að grafreitnum skal hvíla á jörðinni.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbankanum á Blönduósi eða annarri þeirri peningastofnun sem stjórnin telur örugga og sem hefur ríkisábyrgð.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af þeim aðilum sem endurskoða kirkjureikning.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er samhljóða óskum stofnenda sjóðsins, sem undirrita hana og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Blindrafélagsins, útgefin á venjulegan hátt að maðatum af dómsmálaráðherra 19. júní 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir námssjóð Blindrafélagsins sem stofnað er til vegna dánar-
gjafar Guðmundar Guðjónssonar, Ljósafossi, Árnessýslu.

Guðmundur arfleiddi Blindrafélagið að 3/30 hluta

eigna sinna með ósk um að þessum fjármunum

yrði varið til eflingar náms og menntunar

félagsmanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Námssjóður Blindrafélagsins, Hamrahlið 17, Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er sem hér segir:

1. Sparisjóðsbók nr. 150918 í Landsbanka Íslands, aðalbanka ..	kr. 1 360 797
2. Skuldabréf til 7 ára (með 12% vöxtum)	— 196 875
3. Skuldabréf til 6 ára (með 12% vöxtum)	— 428 571
4. Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs:	
3 bréf útgefin 1966 að upphæð kr. 10 000 hvert	— 30 000
3 bréf útgefin 1967 að upphæð kr. 10 000 hvert	— 30 000
1 bréf útgefið 1968 að upphæð kr. 10 000	— 10 000
1 bréf útgefið 1972 að upphæð kr. 10 000	— 10 000
1 bréf útgefið 1974 að upphæð kr. 10 000	— 10 000
4 bréf útgefin 1975 að upphæð kr. 50 000 hvert	— 200 000
2 bréf útgefin 1975 að upphæð kr. 10 000 hvert	— 20 000

Nafnverð sjóðsins samtals kr. 2 296 243

3. gr.

Sjóðurinn er eign blindrafélagsins, Hamrahlið 17, Reykjavík.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er aðalstjórn Blindrafélagsins á hverjum tíma.

5. gr.

Fjármuni sjóðsins skal geyma í Landsbanka Íslands, aðalbanka. Stjórn sjóðsins ákveður að öðru leyti á hvern hátt fé sjóðsins skal ávaxtast. Sjóðinn má efla með minningargjöfum og frjálsum framlögum.